

Íbúaráð Grafarvogs 6. janúar 2020. Tillaga íbúaráðs Grafarvogs um breytingu á póstnúmeri Bryggjuhverfis:

Íbúaráð Grafarvogs óskar eftir því við póstnúmeranefnd að póstnúmeri Bryggjuhverfis verði breytt. Núna er póstnúmer Bryggjuhverfisins 110 sem er það sama og í Árbæjarhverfi. Í núverandi skipulagi fylgir Bryggjuhverfi Grafarvogi sem er með póstnúmer 112 og því eðlilegast að hverfið fái sama póstnúmer og önnur hverfi í Grafarvogi. Íbúaráðið óskar eftir þessari breytingu vegna óska frá íbúum Bryggjuhverfis.